

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1976

Nr. 66.

96

19. mars 1976.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði í Reykjavjarðarál.

1. gr.

Allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd.) og að austan af 20°20'0 v.lgd.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.

Dórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 67.

10. mars 1976.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Hreppsnefnd lætur leggja dreifikerfi vatnsveitu utanhúss, inn fyrir húsvegg með stoppkrana og má ekki hylja hann. Telst dreifikerfi vatnsveitunnar ná þangað og vera eign hennar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur

honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Reykhólahrepps, skal senda skriflega umsókn þar um.

4. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

5. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatninu. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó slík lokun fari fram.

6. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa komið vatnsæðum sínum þannig fyrir, að óþrif hljótist af.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati fyrir, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

9. gr.

Hver sá, sem fær tengt við Vatnsveitu Reykhólahrepps, skal greiða tengigjald kr. 25 000 af hverju húsi, og fylgir byggingavísitölu.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt á ári hverju 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Þó skal lágmarksgjald af íbúð vera kr. 1 200.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá greiða kr. 2.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.

10. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn, ef það er selt um mæli samkvæmt 9. gr. ársfjórðungs-

lega og er þá fyrsti gjalddagi 1. apríl, annar gjalddagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyriræki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

11. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 25 000 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerðinni skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir ípróttahúsið Ásgarð í Garðakaupstað.

1. gr.

Ípróttahúsið er staðsett í Garðakaupstað og starfrækt undir nafninu Ásgarður.

2. gr.

Ípróttahúsið Ásgarður er að $\frac{2}{3}$ hlutum skólamannvirki, en að $\frac{1}{3}$ hluta ípróttamannvirki bæjarfélagsins.

3. gr.

Starfræksla hússins er í höndum húsnefndar, sem skipuð er þremur mönnum. Tveir þeirra eru kosnir af bæjarstjórn og einn af skólanefnd. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum, en nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

4. gr.

Nefndin er ábyrg fyrir rekstri hússins gagnvart bæjarstjórn og skólanefnd. Nefndin skal halda gerðabók um störf sín og starfrækslu hússins.

5. gr.

Hlutverk húsnefndar er:

- a) að setja reglur um umgengi í húsinu.
- b) að raða niður afnotum af húsinu. Forgangsréttar um afnot njóti skólar bæjarins og því næst ípróttafélög innan bæjarins og þá almenningur.
- c) að gera tillögu til bæjarstjórnar um afnotagjöld.